



1196. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 13. nóvember 2019, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Arnþór Sigurðsson, Dóra Magnúsdóttir, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Selma Árnadóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Anna Þóra Ísfold, Sigmundur Halldórsson, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Harpa setti fund kl. 17:30 og áður en gengið var til starfa samkvæmt auglýstri dagskrá sagðist hún myndu stjórna fundi í fjarveru Ragnars Þórs sem er veikur.

Þá næst sagði hún frá því að borist hafi fyrir fundinn tölvupóstur frá stjórnarmanninum Birni Kristjánssyni sem staddur er erlendis og las hún upp póstinn sem er eftirfarandi:

„Nýlega festi ég kaup á helmingshlut í innflutnings og heilðsölufyrirtæki þar sem ég tók stöðu framkvæmdarstjóra.

Í 11 gr. laga VR segir:

„Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í fyrirtæki sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins og mega ekki vera starfandi sem framkvæmdastjórar fyrirtækis, stofnunar eða félags þar sem réttarstaða framkvæmdastjóra rekstrar telst sú sama og sem hann væri sjálfur atvinnurekandi.

Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu víkja sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn þeirra sæti í þeirra stað þar til hæfisskilyrðum er fullnægt að nýju.“

Með tilliti til þessa þá þykir mér miður að þurfa að segja mig úr stjórn VR og öðrum nefndarstörfum á vegum stjórnar.

Nú er ég staddur erlendis og get ekki tilkynnt þetta formlega á stjórnarfundum og óska eftir því að þið takið málið upp fyrir mína hönd.“

Sagði Harpa að með því að Björn víki nú úr stjórn komi Anna Þóra Ísfold inn fyrir hann sem aðalmaður í stjórn fram að næsta aðalfundi að loknum næstu stjórnarkosningum í mars 2020. Þá verði Sigmundur Halldórsson eini og umleið fyrsti varamaður í stjórn fram að næsta aðalfundi.

Stefán sagði í þessu samhengi að þetta þýddi að næsta stjórnarkosning yrði því óvenjuleg að því leiti að þá yrði kosið um 9 aðalmenn, þar sem 7 væru til tveggja ára en tveir til eins árs þar sem bæði Ólafur Reimar og Björn, sem nú eru hættir, hafi átt eftir eitt ár af sínu kjörtímabili.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1195. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar

Harpa lagði fram fundargerð 1195. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Kjaramál – staðan

Stefán sagði að húsnæðismálin séu nú í brennidepli og Ragnar Þór einbeitt sér að þeim undanfarið. Rætt er um möguleika þess sem kallað eru eiginfjárlán þar sem fjármögnun sé hugsuð þannig að t.d. leggi kaupandi fram 5%, síðan sé 75% óverðtryggt lán en ríkið komi með 20% lán sem ekki sé greitt af heldur eigi ríkið 20% í eigninni þar til hún er seld og sé þá lánið gert upp en það ber ekki vexti. Í þessu sambandi er umræða um að slík lán taki eingöngu til fyrstu kaupa og aðeins í nýju húsnæði en einnig að takmarkanir verði varðandi upphæðir, fjölskyldustærðir ofl.

Umræður.

Sigríður Lovísa mætir hér til fundar kl. 17:45

3. Áætlun 2020

Stefán lagði fram skjölin „*Rekstraráætlun VR 2020*“, „*Rekstraráætlun VR deildarskipt*“ og „*Rekstraráætlun VR 2020 Skýringar*“ og fór yfir efni þeirra á slæðum.

Í máli Stefáns kom m.a. fram að þessi áætlun sé unnin með sama sniði og verið hefur undanfarin ár þ.e. þetta sé ítarleg áætlun og verður hún tekin fyrir á tveimur stjórnarfundum, nú til kynningar og á næsta fundi til samþykktar.

Varðandi rekstrartekjur gerir áætlun ráð fyrir því að þær verði 4.7 milljarðar króna árið 2020 sem er 8.8% aukning frá 2019. Þar eru félagsgjöld að aukast og er áætlað að þau verði 1.5 milljarður króna m.v. 1.3% fjölgun félagsmanna en gert er ráð fyrir launahækkunum uppá 2,4% samkvæmt kjarasamningum og 1,1% launaskriði því til viðbótar. Aðrar grunnforsendur eru svo þær að verðbólga verði 2,4% sem er spá Seðlabanka Íslands og að vænt meðalávöxtun á verðbréfasafni verði 2,1% en raunávöxtun verði neikvæð um 0,3%. Þá er gert ráð fyrir því að stöðugildi hjá félaginu verði 65,41 á árinu 2020 en árið 2019 eru þau 62,32.

Rekstrargjöld eru áætluð 4.7 milljarðar króna sem er aukning um 2,7% en þar er stærsti liðurinn bætur og styrkir uppá áætlaða 2.5 milljarða króna en rekstrartekjur umfram gjöld eru áætlaðar 58.9 milljónir króna árið 2020. Fjármagnsliðir eru áætlaðir 211 milljónir króna og hreinar tekjur til ráðstöfunar eru áætlaðar 270 milljónir króna.

Næst fór Stefán ítarlega yfir skýringar helstu þátta þar sem kom m.a. fram að stytting bóttatímabils í Sjúkrasjóði úr níu mánuðum í sjö sem samþykkt var á síðasta aðalfundi komi að fullu inn til framkvæmda í ársbyrjun 2020 en áætlað er að sjúkradagpeningar verði 1.9 milljarðar króna á árinu 2020 og að lækkun á dagpeningagreiðslum verði uppá um 257 milljónir króna vegna styttingarinnar. Þess vegna hefur svigrúm sjóðsins batnað varðandi innlögn í VR varasjóð en gert er ráð fyrir óbreyttri upphæð í VR varasjóð árið 2020 eða 785 milljónir króna.

Reiknað er með óbreyttri nýtingu orlofshúsa milli ára og einnig að leiguverð verði það sama utan þess að sérstakt hásumarsgjald sé felld niður. Vænst er að meira framboð verði af húsum þar sem okkur hefur boðist meira af aukahúsum til leigu nú í ár en áður.

Rakti Stefán nú helstu verkefni næsta árs svo sem er varðar rekstur orlofshúsa og viðhald, greiðslur styrkja, útgáfu VR blaðs, herferð um kynningu á þjónustu og verkefnum VR sem ber heitið „Þekktu þitt VR“, Fyrirtæki ársins, ráðstefnur og fleira sem hefðbundið er.

Loks sagði hann frá fjárfestingaáætlun svo sem er varðar ýmsar fjárfestingar vegna orlofsbyggða og svo endurnýjunar á húsnæði, tölvubúnaði ofl.

Umræður.

Að loknum umræðum og undir þessum dagskrárlið sagði Harpa frá því að Svanhildur Ólöf hafi nýlega átt 50 ára stórafmæli og af því tilefni afhenti hún henni afmælisgjöf frá félaginu og var sunginn afmælissöngur henni til heiðurs og hrópað ferfált húrra.

4. Orlofskostir VR erlendis

Sigurður Sigfússon, formaður framkvæmdastjórnar orlofssjóðs VR, lagði fram skjalið „Orlofshús erlendis - minnisblað“ dags. 28.10 2019 og sagði frá því að samkvæmt óskum orlofsstjórnar hafi starfsmenn VR aflað upplýsinga um mögulega leigukosti orlofshúsa og íbúða á Orlando-svæðinu á Flórída og á Tenerife. Miklar umræður hafi verið um málið á síðasta stjórnarfundinum en engin ákvörðun tekin um framhaldið en nú verði að skera úr um það hvort farið verði í að afla slíkra eigna til leigu fyrir félagsmenn eða ekki.

Umræður.

Að loknum miklum umræðum bar Sigurður upp eftirfarandi tillögu sína til atkvæða:

„Skrifstofu VR er falið að finna og leigja hentugt húsnæði á Tenerife til endurleigu fyrir félagsmenn VR“

Tillagan var felld með 7 atkvæðum gegn 5 en Svanhildur Ólöf sat hjá og óskaði eftir því að það yrði bókað.

5. Jafnréttisnefnd, breyting á jafnréttisstefnu VR, markmið og aðgerðir

Anna Þóra Ísfold, formaður Jafnréttisnefndar VR, sagði nefndina hafa fundað nokkuð undanfarið og sé vilji til að uppfæra orðalag jafnréttisstefnu VR þannig að það sé víðtækara. Þannig sé bætt við að stefnt sé að jafnrétti á vinnumarkaði óháð kynvitund og einnig er lögð áhersla á að getið sé um fólk af erlendum uppruna í stefnunni. Lagði hún fram skjalið „Jafnréttisstefna VR endurskoðun“ og fór yfir efni þess á slæðum.

Umræður.

Í umræðum komu fram nokkrar minniháttar orðalagsbreytingar þannig að hún verði þannig í heild sinni:

Jafnréttisstefna VR

VR stefnir markvisst að jafnrétti á vinnumarkaði óháð aldri, kyni, kynhneigð, kynvitund, þjóðerni, litarafti, trú eða stjórnmalaskoðunum. Félagið vill að tryggt sé að 19. grein jafnréttislaga sé virt þ.e. konum og körlum séu greidd jöfn laun og þau njóti sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf. Þá leggur félagið áherslu á að styrkja stöðu eldra fólks, fólks með fötlun og fólks af erlendum uppruna á vinnumarkaði.

I. Sömu laun fyrir sömu vinnu

1. Fyrirtæki greiði konum og körlum sömu laun fyrir sömu vinnu. Laun skulu endurspeglu vinnuframlag, hæfni, menntun og færni viðkomandi starfsmanns svo og innihalds starfsins og þá ábyrgð sem því fylgir. Launakönnun VR er mikilvægt tæki við ákvörðun launa.
2. Konur geri sömu launakröfur og karlar.
3. Dagvinnulaun hækki og yfirvinna minnki.

II. Fjölgun kvenna í ábyrgðar- og stjórnunarstöðum

1. Fyrirtæki ráði konur í ábyrgðar- og stjórnunarstöður til jafns á við karla.
2. Konur sækji um ábyrgðar- og stjórnunarstöður.

III. Mikilvægi menntunar

1. Fyrirtæki efli fræðslu og tryggi að allir starfsmenn hafi jöfn tækifæri til endurmenntunar, starfsþjálfunar og námsleyfa.
2. Konur sæki sér í auknum mæli menntun til hefðbundinna karlastarfa og karlar til hefðbundinna kvennastarfa.
3. Eldra starfsfólk sæki sér starfstengda endurmenntun til að efla stöðu sína á vinnumarkaði.
4. Fólk af erlendum uppruna sæki sér menntun í íslensku til að auka hæfni sína í íslensku atvinnulífi.
5. Styrkja skal stöðu fólks af erlendum uppruna á vinnumarkaði og tryggja að menntun þeirra og reynsla verði viðurkennd.

IV. Jöfn ábyrgð á fjölskyldu og heimili

1. Karlar taki ábyrgð á fjölskyldu sinni og heimili til jafns á við konur, s.s. nýti sér rétt til fæðingarorlofs og leyfis vegna veikinda barna.
2. Starfsmönnum verði auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- eða foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.
3. Samningar á vinnumarkaði kveði á um styttri og sveigjanlegri vinnutíma sem geri fólki kleift að samræma þarfir fjölskyldu sinnar og atvinnu.
4. Skipulag skólakerfisins verði lagað að þörfum fjölskyldu og atvinnulífs.

V. Jöfn aðstaða á vinnumarkaði

1. Fyrirtæki móti skýra stefnu í samskiptamálum s.s. aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni og öðru ofbeldi á vinnustað.
2. Gott aðgengi og aðbúnaður fatlaðra starfsmanna sé tryggður á vinnustöðum.
3. Starfsfólki verði auðvelduð starfslok, t.d. með möguleikum á hlutastörfum, lengra sumarleyfi og fræðslu um starfslok.

Harpa bar þá upp til samþykktar breytta jafnréttisstefnu VR eins og hún er hér að ofan rituð.

Samþykkt samhljóða.

Anna Þóra lagði næst fram skjalið „*Hlutverk jafnréttisnefnd VR endurskoðun*“ og fór yfir efni þess á slæðum. Nokkrar breytingar eru gerðar á skjalinu þar sem greint er frá mótun langtímamarkmiða, aðgerðaráætlunar og að VR styðji við rannsóknir og málefnnastarf þessu tengt.

Umræður.

Í umræðum komu fram nokkrar minniháttar orðalagsbreytingar þannig að skjalið verði þannig í heild sinni:

Starfsreglur og hlutverk jafnréttisnefndar VR



1.gr.

Jafnréttisnefnd VR er stofnuð af stjórn VR með það að meginmarkmiði að fjalla um jafnrétti og mannréttindi launafólks á vinnumarkaði. Hlutverk nefndarinnar er að móta og/eða endurskoða stefnu félagsins á þessum vettvangi til að styrkja stöðu félagsmanna sinna á vinnumarkaði, án allrar aðgreiningar.

2. gr.

Nefndin skal móta langtímamarkmið félagsins í jafnréttis- og mannréttindamálum til fimm ára í senn sem endurskoða skal reglulega. Nefndin skal jafnframt setja niður skammtímamarkmið og aðgerðaráætlun til tveggja ára í senn. Hvoru tveggja skal leggja fyrir stjórn VR til samþykktar. Skammtímaarkmið og aðgerðaráætlun skal endurskoða á tveggja ára fresti en stjórn félagsins getur á hverjum tíma tekið ákvörðun um að nefndin leggi fram nýja áætlun til stjórnar, ef þurfa þykir.

3.gr.

Hjá félaginu skal stefnt að því að liggja fyrir þekking og kunnátta á jafnréttis- og mannréttindamálum og skal afla upplýsinga, ef þörf krefur, svo félagið geti beitt sér markvisst á þessum vettvangi.

Þá mun VR styðja rannsóknir og málefnavarkar á vinnumarkaði sem tengist áherslum og markmiðum félagsins í jafnréttis- og mannréttindamálum á hverjum tíma.

4.gr.

Jafnréttisnefnd skal funda að jafnaði mánaðarlega en eigi sjaldnar en 4 sinnum á ári. Ritari nefndarinnar er starfsmaður VR.

5. gr.

Stjórn VR skipar jafnréttisnefnd til eins árs í senn, eigi síðar en á öðrum stjórnarfundum eftir aðalfund.

Harpa bar þá upp til samþykktar breytt skjal um starfsreglur og hlutverk Jafnréttisnefndar VR eins og það er hér að ofan ritað.

Samþykkt samhljóða.

Þorvarður vék hér af fundi kl. 20:00

Loks lagði Anna Þóra fram skjalið „*Jafnréttisnefnd markmið og aðgerðir 2020 – 2024*“ og fór yfir efni þess á slæðum. Í skjalinu er getið ýmissa markmiða og drögum að aðgerðum svo sem er varðar jafnréttisviðurkenningu VR, jafnvægisvog og sérstaka fræðslusíðu um jafnréttismál, rannsóknir ofl.

Umræður.



Harpa óskaði hér eftir samþykki fundarmanna til að framlengja fundi til kl. 21:00
Samþykkt.

Umræður.

Harpa bar nú upp þá tillögu sína að fresta umræðum um þennan lið kynningar Önnu Þóru til næsta fundar.
Samþykkt samhljóða.

6. Umhverfisnefnd VR, tillaga að nýrri umhverfisstefnu VR

Helga, formaður Umhverfisnefndar VR, lagði fram skjalið „*Umhverfisstefna VR minnisblað*“ dags. 5. nóvember 2019 og fór yfir efni þess á slæðum. Kom m.a. fram í máli hennar að nefndin hafi haldið fjóra fundi frá því hún var skipuð í byrjun sumars og er lagt til að stefna VR í umhverfismálum verði endurskoðuð og verði hún samþykkt munu þau móta markmið og aðgerðaráætlun samkvæmt því til 5 ára. Þá leggja þau til, að sé stefnan samþykkt, að þá sé fenginn utanaðkomandi ráðgjafi til að móta þetta með þeim og er ráðgert að það muni kosta allt að eina milljón króna. Sú stefna sem hér er lagt upp með er metnaðarfull og var unnin í góðu samstarfi nefndarmanna.

Las Helga nú upp stefnuna sem er svo hljóðandi:

Umhverfisstefna VR

Það er stefna VR að vera í fararbroddi í umhverfisvernd og taka meðvitaða stefnu til móts við sjálfbærari framtíð og nýta markvisst þann slagkraft sem félagið hefur sem stærsta stéttarfélag landsins.

Í starfsemi VR skal ávallt leggja áherslu á sjálfbæra nýtingu og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með áherslu á vistvænar samgöngur, kolefnisjöfnun og ábyrgum innkaupum. Stefna ber að því að draga úr myndun úrgangs og áhersla lögð á endurnýtingu, ábyrga förgun og endurvinnslu í allri starfsemi félagsins.

Umhverfismál verði ávallt höfð til hliðsjónar við ákvarðanatöku um stefnumótun og fjárfestingar. Fræðsla og kynning á aðgerðum VR í umhverfismálum verði liður í umhverfisstefnu félagsins. Starfsemi félagsins verði félagsmönnum hvatning til að tileinka sér og tala fyrir umhverfisvænni lífsstíl, bæði heima fyrir og á vinnustað.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Harpa ofangreinda umhverfisstefnu VR upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.



Þá bar hún upp til samþykktar hvort ætti að leita utanaðkomandi ráðgjafar um mótun markmiða og aðgerða fyrir allt að eina milljón króna.

Samykkt með 12 atkvæðum en einn situr hjá.

7. Stytting vinnuvikunnar hjá VR

Stefán lagði fram skjalið „Stytting vinnuvikunnar á skrifstofu VR – minnisblað“ og fór yfir efni þess á slæðum. Í máli Stefáns kom m.a. fram að hér væri um að ræða niðurstöður kannanna meðal félagsmanna og starfsmanna VR í tengslum við tilraunaverkefni um styttingu vinnuvikunnar á skrifstofu VR en sú tilraun hófst 19. nóvember 2018. Tilraunin var í því fólgin að stytta opnunartíma um hálf klukkustund á dag og er hann frá kl. 8:30 – 16:00 og vinnutími starfsmanna sömuleiðis og er virkur vinnutími hjá starfsmönnum VR nú 33,75 klst. á viku í stað 36,25 klst. áður.

Stefán sagði að í könnuninum hafi einnig verið skoðaðar lykiltölur, veikindafjarvistir og starfsmannasamtöl á fyrstu 9 mánuðum tilraunar. Fyrirtækið Zenter gerði þjónustukannanir meðal félagsmanna með árs millibili þar sem kom fram að yfir 80% svarenda höfðu nýtt sér þjónustu VR á síðustu 12 mánuðum. Helstu niðurstöður voru þær að viðhorf félagsmanna voru jákvæð og varð lítil marktæk breyting milli ára þar sem fleiri eru almennt ánægðir með þjónustuna og fleiri eru ánægðir með opnunartímann þótt hann hafi verið stytur og loks eru fleiri sem bera mikið traust til VR.

Í þeim könnunum sem Zenter gerði meðal starfsfólks VR kom í ljós að með tilrauninni dró marktækt úr álagi og afköst aukast. Ekki var marktæk breyting á fjarvistum vegna skammtímaveikinda og í þeim starfsmannaviðtölum sem tekin voru vegna þessa var almenn ánægja með styttinguna og afleiðingar hennar.

Við skoðun á lykiltölum fyrir tímabilið kemur í ljós að verkefnum er að fjölga og því er ekki hægt að segja að svo vel hafi tekist til með styttinguna vegna þess að verkefnum hafi fækkað og þannig dregið úr álagi heldur virðist fremur sem mjög vel hafi tekist til við að starfsmenn endurskipuleggi vinnubrögð og skipulag samhliða jákvæðum áhrifum styttingar að öðru leiti. Í ljósi þessa er lagt til að styttingin hjá VR, sem þarf að ákveða fyrir 1. desember samkvæmt kjarasamningi, verði framkvæmd í samræmi við tilraunina þ.e. að stytta verði um hálf klukkustund á dag á skrifstofum félagsins.

Umræður.

Friðrik Boði vék hér af fundi kl. 20:55



Harpa óskaði eftir að fá að framlengja fundi til kl. 21:05
Samþykkt.

Umræður.

Harpa óskaði eftir að fá að framlengja fundi til kl. 21:20
Samþykkt.

Að loknum umræðum bar Harpa upp til samþykktar þá tillögu að stytting
vinnuvikunnar á skrifstofum VR verði í samræmi við þá tilraun sem hér hafði
verið lýst þ.e. um hálf klukkustund á dag.

Samþykkt með 11 atkvæðum en 1 er á móti og óskar Sigríður Lovísa eftir að
það sé bókað að hún greiði atkvæði gegn þessari tillögu.